

PÆLING UM VETTvang

Ég segi hér með af mér Þjóðerninu. Ég er ekki Íslendingur, ég er frá Fjósakoti í Saurbæjarhreppi sáluga. Bæjarnafnið er reyndar löngu aflagt og hreppurinn hefur verið lagður niður til að sameina hann öðrum. Ég vildi gjarnan geta tekið undir með skáldbónda úr Vesturheimi sem efaðist um að honum væri mikill háski búinn ef hann hætti sér út fyrir landamæri Kanada þar sem hann bjó. Hann bætti svo við: „Mér er nærri ánægja í tilfinningunni, sem fylgir því, að vita sig þá engan eiga að, nema mannúðina meðal vandalausra Þjóða.“¹ Mannúð meðal vandalausra hefði hann ekki fundið nema tala við þá með einhverjum hætti, eiga við þá samræður.

Nú sýnist mér svo komið að upphafið Þjóðerni komi í veg fyrir samræður. Þjóðerni eitt og sér er komið í staðinn fyrir röksemdir sem er bagalegt vegna þess að það er það að mestu tilbúningur, eins konar sameiningargoðsögn eða stórsaga aftanúr 19. öld, orðin að hálfgerðri meinsemd sem varla er annað en tæki til að skilgreina óvini og upphefja sjálfan sig. Markaðshyggja síðustu ára hefur síðan sett mark sitt á Þjóðernið þannig að með ofuráherslu á innistæðulausar ímyndir þurrkuðust út ákveðin mörk. Það er orðið óljóst hvenær menn eru í raun að reyna að skilja Þjóðerni sitt og hvenær menn eru að smíða ímyndir til að selja sjálfa sig og sál sína.

Það er ekkert sjálfgefið eða lífrænt samband á milli Þjóðar og ríkis – enda eru nú hugmyndir manna um Þjóðríkið í þann veginn að ganga sér til húðar. Ríki og ríkisvald geta verið álíka vafasöm hugtök og Þjóð, brestir eru komnir í lýðræðið sem fyrst og fremst er endalaus barátta um völd þar sem einmitt banalt Þjóðernishjal er fulloft í aðalhlutverki. Ríkisvald í núverandi formi býr ekki yfir neinu siðferði, engri mannúð, engri samkennd. Það er látið sem svo að það byggist á skynsemi, en það yfirskyn hefur einungis í för með sér hugmynd um óskeikulleika þess kerfisins sem er í raun eða valdataeki eða vettvangur valdabaráttu. Þjóðríkið er samsteypa þessarar tveggja hugtaka, Þjóðar og ríkis. Þjóð, ímyndað samfélag² rennur saman við margslungið valdakerfi ríkisins.

1 Stephan G. Stephansson, *Bréf og ritgerðir*, Reykjavík 1948, 367.

2 Á ensku imagined community, hugtak sem hefur verið á vörum flestra hugvísindamanna undanfarna áratugi, ættað frá Benedict Anderson: *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*, London 1983.

Nú er kannski von að einhver spyrji hvað manngreyið sé eiginlega að fara, þegar hann á að vera að þæla í vettvangi fyrir arkitekta. Ég verð að játa að sú gegndarlaus vitleysa sem á manni hefur dunið að undanfögnu varð til þess að ég byrjaði þælingarnar akkúrat á þessum þjóðernisnótum. En, samt snýst þetta um vettvang í víðu samhengi, þann stóra vettvang sem við öll störfum á, í samfélaginu og á heimsvísu.

Þjóðríkið er ein af meginhugmyndum Vesturlanda sem varð til eftir sigur upplýsingarinnar, altæk eða alræðisleg hugmynd, rétt eins og margar aðrar sem tóku að móttast á 17. og 18. öld. Með upplýsingunni kviknaði sú hugmynd að hægt væri með fulltingi skynsemi og vísinda að komast að óyggjandi niðurstöðu um flesta hluti. Ákveðin tvíhyggja náði undirtökum þar sem tilverunni var til að mynda skipt í andstæð þör á borð við menningu og náttúru, líkama og sál, sannleika og lygi. Skynsemishyggjan og vísindatrúin byggðust á trú á endanlegar lausnir bæði á vettvangi samfélags og tækni og þar er drotnun yfir náttúrunni lykilatriði.

Þjóðríkið er skylt þeim hugmyndakerfum sem við könnumst við og áttu að byggjast á einhvers konar skynsemi en eru meira og minna alræðisleg: kapitalismi, sósíalismi, nasismi, markaðshyggja. Öll þessi kerfi hafa talið sig lýðræðisleg en meira að segja lýðræðið eins og við þekkjum það í dag ber í sér frjókorn alræðis vegna þess að það hefur einatt hneigst til að bindast í formi og hefðum. Nóbelsköfundurinn J.M. Coetzee lýsir þróun lýðræðis nútímans svo að kaldhæðni ríki gagnvart stjórnámum og stjórnámamenn séu fyrirlitnir. Hvorttveggja rúmist þó hæglega í lýðræðiskerfinu segir hann. Rök lýðræðisins boði að hafi menn efasemdir um kerfið og vilji breyta því skuli þeir gera það innan þess: „þjóddu sjálfan þig fram til pólitískra embætta, þödu skoðun og atkvæðagreiðslu meðborgaranna. Lýðræði leyfir ekki stjórnám utan lýðræðiskerfisins. Í þeim skilningi er lýðræði alræðislegt.“³ Sem sagt, eins og lýðræðið er stundað í dag er engin leið til áhrifa önnur en í gegnum kerfi flokka og kosninga og þar eru nú kannski upptökin að þeim ógöngum sem við sjáum í pólitíkinni þessa dagana.

Ástandið í heiminum hefur ekki verið beysið og reyndar í einskonar blindgötu síðustu tvo áratugina

3 J.M. Coetzee. *Diary of a Bad Year*, London, Vintage 2008 [2007], 15.

rúmlega. Sósíalísmínn hrundi, sem þýddi að kapítalísmínn og markaðshyggjan héldu að sigur væri unninn. Lýðræðisgríman féll strax af kapítalísmánum og alræði markaðshyggjunnar birtist, sem nú hefur leitt heiminn í ógöngur sem ekki sér fyrir endann á, ógöngur hins ofvaxna fjármálakerfis sem er álíka ógeðfellt og verstu skrímslin í ævintýrunum. Hinar ógöngurnar felast svo í vistkreppunni. Náttúrudrottnun upplýsingarinnar og iðnbyltingin hafa leitt til þess að nú er að hefjast syndaflóð hinnar hnattrænu hlýnunar. Við erum stödd í tvöföldum ógöngum samfélags og umhverfis þannig að hinn hnattræni vettvangur okkar allra er ekki mjög björgulegur.

Hluti af því alræðiseðli sem fylgir þeim hugmyndastraumum sem stýra okkur felst í því að menn trúa því í raun og veru að þekkingin og kerfin séu eilíf og óskeikul, hin vísindalega þekking, skynsemin, kapítalísmínn, sósíalísmínn, lýðræðið. En allt þetta er ungt á langtímamælikvarða sögunnar, fyrir upplýsinguna ríktu önnur hugmyndakerfi, önnur samfélagsform, önnur valdahlutföll, önnur þekking. Vel má læra ýmislegt af því að skoða fortíðina án þess að hverfa aftur til hennar. Það er enginn bakkgir á sögunni og gírkassinn brotnar ef maður reynir að þvinga hann í bakkgir.

Þekkingin og hugmyndakerfin leita alltaf í stöðnuð form, og það er kannski verst þegar lýðræðið er fest í formi, því það verður að vera síbreytilegt og í stöðugri endurskoðun, ekki síst vegna þess að það er mótvægi okkar og vörn gegn valdi og hagsmunagæslu. Það er til að mynda ömurlegt að horfa upp á lagatæknilegar varnir fyrir rangar ákvarðanir sem haldið er fram að séu lýðræðislegar, vegna þess að þær voru teknar af kjörnum meirihluta og í samræmi við formreglur kerfisins. Við búum líka að einhverju leyti við brotakennt sérfræðingaveldi þar sem sérþekkingu er beitt án þess að skoða hana í samhengi við samfélagslegt umhverfi.

Ég vona að nú sé að verða ljóst hvert ég er að fara. Ég á að pæla í vettvangi, en fékk engin fyrirmæli um stærðina á honum, þess vegna byrja ég á að ræða um vettvang okkar allra í hnattrænu og sögulegu samhengi. Og að því leyti er vettvangurinn í alvarlegum ógöngum, nær allar helstu hugmyndastoðir okkar vestræna samfélags eru að bresta og torvelt að sjá hvað kemur í staðinn. Það er ómögulegt að ráða í það en þó vil ég fullyrða að það hlýtur að snúa að okkur sjálfum, viðhorfum

okkar og athöfnum. Ég held að séu að verða ákveðin pólskipti í heiminum þegar þessi stóru, yfirskipuðu sannleikskerfi riða til falls og hrynja og eitthvað nýtt þarf að koma í staðinn. Þar þurfum við öll, hvert fyrir sig og í sameiningu að byggja upp eitthvað nýtt.

Um þessar mundir eru í gerjun allskyns hugmyndir sem lúta að þessu, skilningur á ógöngunum vex menn vega að rótum þeirra með æ markvissari gagnrýni á kerfi hugmynda og samfélags. Og þá má nátturlega ekki gleyma því að alltaf hafa verið til hugsuðir sem dregið hafa í efa ríkjandi skynsemishugmyndir, og jafnvel dregið þær sundur og saman í háði, allt frá Díógenesi sem bjó í tunnu og bað Alexander mikla að færa sig frá sólinni, þegar Alexander bauðst til að uppfylla hverja þá ósk sem Díógenes bæri fram. Þegar Platón var í miðjum virðulegum og skilgreindi manninn þannig að hann væri bleikur, hárlaus og með langar neglur tók Díógenes hana, reytti hann og fleygði honum inn í akademíuna og sagði „hér er þinn maður.“⁴

Á 19. öld voru á dögum þrír menn sem kallaðir voru meistarar grunsemdanna eða efasemdanna af því að þeir bentu á að ekki væri nú allt sem sýndist: Marx sem afhjúpaði kapítalismann, Freud sem fann upp dulvitundina og Nietzsche sem efaðist um sjálfan sannleikann. Þó að framtíðarsýn Marx hafi heldur betur klikkað eru hugmyndir hans ágætt greiningartæki, Freud sýndi fram á að þótt við þykjumst vera skynsemisverur sé okkur ekki alveg allt sjálfrátt, og æði mikið af gagnrýnum hugmyndum okkar tíma á rætur að rekja til Nietzches. Nú á dögum eru ýmsar hugmyndastefnur á kreiki í heimspeki, fræðum, vísindum og samfélagsmálum, og samnefnari þeirra er einmitt andóf, jafnvel viðsnúningur ýmissa hefbundinna gilda og hugmynda. Það eru pólskiptin sem ég nefndi og ég held að þau séu að færa þungamiðju frá boðvaldi hugmyndanna sem kemur að ofan, til þess sem kemur neðanfrá, frá okkur, og þess vegna þurfum við að hugleiða þann vettvang sem við störfum á. Pólskiptin fela sem sagt í sér þá hugsun að það þurfi að andæfa gegn alræði stóru kerfanna með því sem sprettur úr grasrót samfélagsins. Því þurfum við kannski fyrst og fremst að hugsa lágt en ekki hátt. Og það er þar sem við þurfum að skapa okkur vettvang hvert og eitt og í sameiningu, vettvang

4 Eftir minni. Góð útgáfa á sögunum af Díógenesi: Diogenes Laertius. *Lives of Eminent Philosophers* II. Translated by R.D. Hicks. Loeb's Classical library. London 1931. Hér er önnur þýðing: <http://www.fordham.edu/halsall/ancient/diogeneslaertius-book6-cynics.html#Diogenes>

til að hafa áhrif á það hvert heimurinn er að fara með okkur. Við þurfum að byrja neðanfrá, í auðmýkt og virðingu fyrir lífinu, okkur sjálfum og hverju öðru. Við þurfum að byrja lágt, þess vegna geng ég í gúmmískóm og kenni mig við Fjósakot.

Ég held að það þurfi nánast að endurvekja hugtakið samfélag eða hugmyndina um samfélag manna sem einhvernveginn hefur gleymst í nauðhyggju síðustu áratuga eða jafnvel aldar. Margaret Thatcher mun einhverntíma hafa sagt að samfélag væri ekki til, enda felst nauðhyggja stóru hugmyndakerfanna í því að slík hugmynd sé óþörf, lausnirnar séu innbyggðar í þróun samfélagsins. En slík lögmálsbinding er reginfirra og ég get aldrei varist þeirri hugsun að þeir séu einfaldlega sjálfskipuð fífl, sem endalaust klifa á möntrunni um að markaðurinn sjái um og leiðrétti allt, því þeir eru í raun að afneita því að hugsa þurfi um samfélag manna í víðara samhengi.

Samfélag er samt ekki neitt einfalt mál, það hlýtur að vera síkvíkt og breytilegt, blandað og blendið, margslungið að merkingu en kjarni þess hlýtur að vera sambúð, og ekki einungis sambúð manna, stétta, kynja, kynþátta, jaðarhópa og þar frameftir götum, heldur einnig sambúð við náttúruna, með henni og í henni. Í slíkri sambúð felst líka samræða, milli manna, stétta, kynja, kynþátta og jaðarhópa, og jafnvel samræða við náttúruna, söguna, reynslu fyrri kynslóða. Ég er náttúrlega að tala um samræðu í víðum skilningi, ekki bara samtöl um daginn og veginn eða formlegar umræður til dæmis í þingsal. Þetta er hugmynd frá Mikhail Bakhtin (1895-1975), rússneskum hugsuði sem uppi var á fyrri hluta síðustu aldar. Hann sat og skrifaði hingað og þangað í hálfgerðri útleigð, var jafnan á skjön við ríkjandi hugmyndir, bæklaður vegna beinasjúkdóms og ég sé hann alltaf fyrir mér sitjandi við skrifborð og konu hans hjá honum, alltaf að hella tei í bollann hans.⁵

Díalógismi eða samræðuhyggja snýst um það að hugmyndir og sjónarmið takist á í samræðum, beinum og óbeinum. Við erum alltaf að tileinka okkur orð og hugsanir annarra, eða miðla okkar eigin, enda erum við ekkert án samneytis við aðra. Án þess að spegla okkur í náunganum, fordómalaust vel að merkja, skiljum ekki sjálf okkur. Við þurfum að átta okkur á því sem við eigum

5 Bakhtin fjallar skýrast um þessa hugmynd í tveim bóka sinna: *The Dialogic Imagination: Four Essays*, Austin & London, University of Texas Press 1981 og *Speech Genres and Other Late Essays*, Austin, Texas, University of Texas Press 1986.

sameiginlegt með náunganum og hvað aðgreinir okkur frá honum, án þess þó að hreykja okkur hærra en hann. Í slíkri samræðu eru hugsanir okkar og hugmyndir alltaf að breytast, þróast, jafnvel þroskast.

Þessi samræðuhyggi hefur siðferðisinntak sem leynist í merkingu orða. Bakhtin notar orð sem til að mynda í ensku og þýsku og norðurlandamálunum fela í sér samræðuna, yrðingar og svör, orðin „responsibility“, „answerability“, „Antwortlichkeit“, „ansvarlighed“. Þetta eru orð sem fela í sér svör, svörun, en þau fela meira í sér, þau merkja líka öll ábyrgð. Ekkert orð er mér vitanlega til á íslensku yfir þetta siðferðisinntak samræðunnar. Það næsta sem við komumst slíkri ábyrgðarmerkingu er þegar við tölum um að „svara fyrir eitthvað“, en það er því miður tengt orðalaginu „að svara til saka“ sem er óheppilegt í þessu samhengi.

Ekki valdabarátta og þras heldur samfélag og samræða, þetta eru held ég lykilatriði fyrir pólskiptin, fyrsta kastið hugsun eða hugsunarháttur, sem við þurfum kannski að rækta með okkur um hríð áður en það fer að setja mark sitt á veruleika okkar. Það þarf að endurskapa samræðuna – helst til að gera sérhvern samfélagsþegn að virkum þátttakanda í samfélaginu, með öðrum hætti en að munnhöggvast eða berjast til valda í stórkerfunum. Þetta gæti verið skref í áttina að því að endurskilgreina eða endurnýja lýðræðið.

Enn má vera að flestum þyki þetta vera hálfgerð steypa sem ég er að bera á borð og eiga lítið erindi við arkitekta og vettvang þeirra. En nú fer ég vonandi að nálgast einmitt þann vettvang. Ef við rifjum upp það sem ég var að segja um stóru hugmyndakerfin sem endurspeglast í þjóðríkinu, ríkisvaldinu, þá ganga þau, þrátt fyrir að vilja ekki viðurkenna það, fyrst og fremst út á það að þegnarnir, borgararnir séu sem minnst virkir, að þeir þjóni hlutverkum eins og tannhjól í vél, enda eiga sérfræðingarnir að hugsa fyrir okkur. En þetta er einfaldlega röng hugsun og skaðleg og það ríður einmitt mjög á að við séum einmitt vel virk, höfum eitthvað fram að færa í þá samræðu sem mótar samfélagið.

Ég veit ekki hvort þið finnið fyrir þeirri innilokunarkennd sem stundum grípur mann gagnvart

umræðunni í samfélaginu, hún er yfirþyrmandi og alltumlykjandi og það er eins og maður sé staddur í dimmum skógi að villast. Þessari samlíkingu stel ég reyndar frá bæði Dante og þýskum heimspekingi sem heitir Rüdiger Safranski sem skrifaði litla bók um það hve mikla hnattvæðingu við þolum.⁶ Og ein af lausnum hans var sú að hver og einn yrði að höggva sér rjóður til að skapa sér olnbogaráymi og andrými.

Þess vegna held ég að fagstéttir á borð við arkitekta verði að móta sinn umræðuvettvang út frá þessari stöðu. Það er lykilatriði hvort hann sé virkur eða óvirkur. Við búum við sérfræðingaveldi á æði mörgum sviðum, sérfræðingar koma sér fyrir víða innan kerfisins og deila þar og drottna samræðulaust. En meðlimir fagstéttar eru allir sérfræðingar, yfirleitt með staðgóða menntun og þekkingu. Þeir eru hins vegar dreifðir út um koppagrundir og oft er skortur á faglegri samræðu eða umræðu. Hins vegar eiga þeir, og arkitekta þar á meðal brýnt erindi út í samfélagið með þekkingu sína. Og þá eru kannski tveir möguleikar:

Annað hvort að vera arkitekta, og taka gagnrýninn þátt í samræðum innbyrðis og við samfélagið um stöðu og hlutverk stéttarinnar eða fagsins, til að mynda menntun og þekkingargrunn, samhengi við samfélag og menningarsögu. Sem sagt að setja mark sitt á samfélagið með eigin frumkvæði, vera mótandi afl í samfélagsumræðunni. Í þessu felst að taka afstöðu til mála og málefna, t.d. um skipulagsmál, íslenska byggingarlist og þar fram eftir götum.

Hinn möguleikinn er að vera bara arkitæknar, þ.e. leysa án umhugsunar og eiginlegrar umræðu þau verkefni sem þeim er skömmtuð. Sá möguleiki gengur út á að lúta forræði kerfisins, vera ekki skapandi og taka ekki frumkvæði. Sá möguleiki er sviptur allri samræðu og þar með felur hann í sér ábyrgðarleysi. Þannig að menn þurfa kannski að spyrja sig hvort þeir vilji bara vera arkitæknar og beygja sig í auðmýkt undir kröfur og duttlunga kerfisins og verkkaupa, eða halda af einurð fram þeirri víðari sýn sem hin akademíska staða fagsins krefst eða ætti að krefjast? Þetta er kannski fyrst og fremst spurningin um að vera virkur og þátttakandi og skapandi í mótun samfélagsins, eða óvirkur seljandi þjónustu.

6 Rüdiger Safranski: *How Much Globalization Can We Bear*, Polity Press 2006.

Ég held að við þær aðstæður sem ríkja í dag, í heiminum og hér á landi, verði einstaklingar jafnt sem fagstéttir að byggja upp, og byggja sig sjálf upp með lifandi, virkri og skapandi umræðu. Sú umræða verður að fara fram innbyrðis, í eigin hópi og á opinberum vettvangi. Við verðum alltaf að geta rætt mikilvæg mál okkar á milli til þess að bera þau fram í víðari eða víðtækari samfélagsumræðu. Og þá er ég ekki að tala um þá átakahefð sem nú ríkir sem er eins og hundaslagsmál þar sem sá sem tapar hrökklast ýlfrandi undan og sigurvegarinn skokkar um sviðið með hala sperrtan. Það er mikilvægt að geta verið sammála um að vera ósammála og sameinast síðan um að leita þeirra lausna sem sem flestir geta sætt sig við. Einmitt þar liggur ábyrgðin í samræðunni, responsibility, Antworthlichkeit, ansvarlighed.

Þessi ábyrgð samræðunnar liggur annars vegar innan fagstétta, að hún þroski viðfangsefni þeirra og þrói smátt og smátt, og hins vegar snýr hún út á við, að samfélaginu. Samfélagshópar á borð við fagstéttir eru sérfræðingar, en sú þekking má ekki taka sér boðvald, heldur verða menn að leggja þekkingu sína með virkum og ábyrgum hætti inn í samfélagsumræðuna.

Stétt sem á sitt alltaf að einhverju leyti undir kapítalinu, verkkaupum, verktökum, en ber samt sína ábyrgð á ásýnd samfélagsins verður að eiga sér víðtækan vitsmunalegan, menningalegan umræðuvettvang, meðal annars til að byggja upp eigin sjálfsmynd eða sjálfsskilning, og líka vettvang samræðu við það samfélag sem það ber ábyrgð gagnvart. Ég ætla því að ljúka þessum þælingum með því að tína til nokkur atriði sem kunna að eiga erindi inn á umræðuvettvang arkitekta og þaðan út í hina almennari samfélags- og menningarumræðu, hvort sem það er á síðum tímarits, á vefsíðu eða jafnvel yfirveguðu bloggi. Reyndar er bloggið kannski gróflega misnotað enn sem komið er, því þar er alltof áberandi skítkast og árásir á einstaklinga. Hins vegar hef ég skoðað einkum erlendar bloggsíður virtra og leiðandi fræðimanna sem sýna að sá vettvangur getur virkað. Sá galli sem er yfirgnæfandi hér á landi er hins vegar sá að bloggið er notað sem skyndi- eða augnabliksviðbrögð í hita leiksins, án nokkurrar yfirvegunar. Sá skortur á yfirvegum setur svo af stað skítkastskeppni í kommentakerfunum svo manni verður fyrst óglatt en svo hættir maður bara að

lesa bloggin.

En hér eru fáein atriði sem mér sýnist að arkitektar mættu taka til umræðu, kannski fyrst sín á milli og síðan á almennari vettvangi:

1. Eiga arkitektar erindi við samfélagið með þekkingu sína, annað en það að hanna hús og hverfi og landslag eftir pöntunum? Þetta er lykilsurning sem þarf að svara. En ef henni er svarað neitandi þarf svosem ekkert að halda áfram. En ég tel að það sé sjálfsögð siðferðiskrafa á hendur öllum fagstéttum að þær pæli í faginu í víðu samfélagslegu, siðferðislegu samhengi.
2. Fagstéttir hljóta að þurfa að mynda fræðilegan bakhjarl fyrir einstaklinga, þannig að þeir geti sótt sér stuðning í fræðilega umræðu þegar á þarf að halda.
3. Fagstéttir þurfa líka að vera í víðari fræðilegri eða þverfaglegri samræðu, kynnast sjónarmiðum annarra þekkingarsviða í umræðu um víðtæk og flókin úrlausnarefni.
4. Oft er haft á orði um arkitektúr á Íslandi að hann sé sundurlaus og skorti heildarsvip og það er svo gagnrýnt. Nú heyrir manni að sundergerðin sé litin jákvæðum augum. Ég held að arkitektar verði einmitt að ræða þetta málefni og veita því síðan út til almennings. Hlutverk hönnunar og skipulags í íslenskri menningu er mjög mikilvægt umræðuefni. Einmitt þar þarf að fara fram lifandi umræða milli fræðasviða. Ég hef oft haldið því fram að hin opinbera eða almennt viðurkenda íslenska menningarsaga sé ónýtt og þurfi að skrifa hana upp á nýtt. Og sú umræða þarf að ná til almennings.
5. Þessi umræða, um arkitektúr á Íslandi, verður að fara fram í alþjóðlegu samhengi, en án hinnar óþolandi íslensku þjóðrembu. Þess vegna hlýtur sú umræða líka að snúast um það hvort arkitektanám eigi í framtíðinni að geta orðið alfarið íslenskt, með þeirri hættu á heimóttarskap sem því getur fylgt, eða hvort hluti þess verði að fara fram erlendis.

Hér þrýtur erindið, menn verða sjálfir að brydda upp á fleiri umræðuefnum.